Nr. 1044 17. nóvember 2014

# REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 646/2014, um línuívilnun.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal línuívilnun í þorski á hverju fiskveiðiári takmarkast við 3.375 lestir, 1.300 lestir af ýsu og 700 lestir af steinbít, miðað við óslægðan fisk, sem skiptast þannig innan fiskveiðiársins:

| | **Tímabil** | **Þorskur** | **Ýsa** | **Steinbítur** |
|---|---|---|---|---|
| 1. | September – nóvember | 1.080 | 473 | 33 |
| 2. | Desember – febrúar | 1.280 | 416 | 105 |
| 3. | Mars – maí | 770 | 240 | 425 |
| 4. | Júní – ágúst | 245 | 171 | 138 |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. nóvember 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*

B-deild – Útgáfud.: 2. desember 2014